



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Vættaskóla*

Starf skólastjóra Vættaskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 8. desember 2018 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 23. desember 2018. Ráðið er í skólastjórastöðuna frá og með 1. apríl 2019.

*Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Vættasskóla lýst þannig:*

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

*Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:*

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggji yfir leiðtogaþæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skilufu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í skólanum með umsókninni.

Þrír sóttu um skólastjórastöðuna. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Umsækjendur voru Valgeir Jens Guðmundsson og Þuríður Óttarsdóttir.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tók gildi 1. júní 2015.

**Niðurstaða:**

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra sem haldinn var 15. janúar 2019 gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Þuríður Óttarsdóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Vættaskóla.

**Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Þuríði Óttarsdóttur skólastjóra við Vættaskóla frá 1. apríl 2019.**

Þuríður Óttarsdóttir lauk B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1992, diplóma í stjórnun frá Danmarks Pædagogiske Universitet 2002 og M.A. gráðu í menntunarfræðum með áherslu á stjórnun og forystu í lærdómssamfélagi frá Háskólanum á Akureyri 2017. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 11 ár, sem deildarstjóri í 8 ár, sem aðstoðarskólastjóri í 3 ár og sem skólastjóri í Vættaskóla í 1 ár.